

Menningarsjóður Akureyrarbæjar

-

Verklagsreglur um sumarstyrk ungra listamanna

1. gr.

Árlega skulu veittir úr Menningarsjóði Akureyrarbæjar sumarstyrkir til ungra listamanna, sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyrarbæ. Upphæð styrkjanna fer eftir því sem nánar er ákveðið í fjárhagsáætlun. Bæjarráð Akureyrarbæjar tekur ákvörðun um þá sem styrkina hljóta.

2. gr.

Úthlutað er 1-2 styrkjum til ungs og efnilegs listafólks á aldrinum 18-25 ára sem er í framhaldsnámi eða á leið í framhaldsnám í sinni listgrein. Markmiðið er að viðkomandi geti dregið úr sumarvinnu með námi og þess í stað lagt stund á list sína bæði með æfingum og viðburðum.

3. gr.

Styrkirnir eru greiddir án orlofsgreiðslu eða annarra launatengdra gjalda og eru í formi mánaðarlegar verktakagreiðslna sem greiddar eru út eftir á samkvæmt samningi og dreifast jafnt yfir mánuðina júní, júlí og ágúst.

4. gr.

Á móti styrknum mun viðkomandi halda viðburði á Listasumri eða Akureyrarvöku, allt eftir nánara samkomulagi við forstöðumann atvinnu- og menningarmála og verkefnisstjóra menningarmála. Listamaður fær ekki greitt fyrir viðburðina en hann heldur höfundarrétti sínum óskertum.

5. gr.

Úthlutun sumarstyrkja ungra listamanna skal að jafnaði fara fram í aprílmánuði.

Samþykkt í bæjarráði Akureyrarbæjar 20. október 2022